

Alþingi
Erindi nr. P 139/2675
komudagur 23.5.2011

Skrifstofa Alþingis
b.t. Nefndarsviðs
Austurstræti 8-10
150 reykjavík



Félagsþjónusta
Kópavogs

Kópavogur 23. maí 2011

Efni: Umsögn Félagsþjónustu Kópavogs við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003.

Þskj. 1374 — 778. mál.

Frumvarp til laga

**um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003,
með síðari breytingum (forsjá og umgengni).**

(Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

Sendandi: Ása A. Kristjánsdóttir hdl., lögfræðingur velferðarsviðs Kópavogs og jafnréttisráðgjafi.

Umsögn:

Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum barst Félagsþjónustu Kópavogs til umsagnar með tölvupósti miðvikudaginn 18. maí 2011. Frestur til þess að skila inn umsögn var gefinn til mánudagsins 23. maí 2011. Vegna hins skamma tíma sem gefinn var til umsagnar var ekki unnt að leggja frumvarpið fyrir félagsmálaráð Kópavogs eða barnaverndarnefnd Kópavogs.

Sá hluti frumvarpsins sem lýtur að aðkomu barnaverndaryfirvalda að meðferð umgengismála hjá embættum sýslumanna var kynntur starfsmönnum barnaverndar Kópavogs.


Starfsmenn barnaverndar Kópavogs taka undir það sjónarmið sem birtist í greinargerð með frumvarpinu að óheppilegt er að barnaverndarnefndir séu í hlutverki umsagnaraðila í umgengnismálum hjá embættum sýslumanna. Vísað er til þess að málsmeðferð öll verði

flóknari og tímafrekari og að mikilvægt sé að skerpa skilin á milli hvors yfirvalds um sig og leita leiða til að samræma málsmeðferð, ákvarðanatöku og framkvæmd með hliðsjón af hagsmunum barnsins.

Starfsmenn barnaverndar Kópavogs taka undir framangreind sjónarmið um nauðsyn þess að skilin milli barnalaga og barnaverndarlaga séu skýr. Hins vegar er mikilvægt að sýslumenn og aðrir sem koma að umgengnismálum séu meðvitaðir um og sinni tilkynningaskyldu á grundvelli barnaverndarlaga þegar grunur vaknar um að foreldri tryggi barni ekki viðunandi uppeldisskilyrði. Í einstaka tilvikum getur djúpstæður og langvarandi ágreiningur foreldra í tengslum við forsjá og umgengni jafnframt réttlætt afskipti barnaverndarnefndar.

Með virðingu

f.h. félagsþjónustu Kópavogs



Ása A. Kristjánsdóttir hdl.

lögfræðingur velferðarsviðs og jafnréttisráðgjafi.